

FÁGÆTI OG FURÐUVERK

MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA

HVERS VEGNA FÁGÆTI OG FURÐUVERK?

Í PISA rannsókninni frá 2009 kemur fram að stúlkur standa sig mun betur í lesskilningi en drengir. Því liggur fyrir nauðsyn þess að efla læsi meðal íslenskra drengja.

HVAÐ ER FÁGÆTI OG FURÐUVERK?

Verkefnið Fágæti og furðuverk hefur að markmiði að efla lestraráhuga nemenda, sérstaklega drengja, sem annað hvort eiga erfitt með lestur eða eru áhugalausir um hann. Verkefnið byggir á því að skólinn komi sér upp bekkjarsetti fyrir eina bekkjardeild (30 bakpokum) sem hefur að geyma bækur, tímarit og fylgihluti fyrir nemendur í 4. bekk. Þótt verkefnið beinist að drengjum og áhugamálum þeirra er mikilvægt að stelpur eigi einnig kost á að njóta efnisins.

Áherslur:

- Efnið tengist áhugasviði nemenda, ekki síst drengja.
- Foreldrar virkjaðir, einkum feður eða karlkyns einstaklingar, til að lesa með börnunum heima og skapa þannig jákvæða lestrarfyrirmynd.
- Nemendur taka vikulega heim bakpoka til að vinna með í samvinnu við fjölskyldu sína, fjórar vikur í senn, tvisvar sinnum yfir skólaárið.



SKÓLAÁRIÐ 2010/2011 VAR RANNSAKAÐ Í EINNI BEKKJARDEILD Í ÍSLENSKUM SKÓLA HVADA ÁHRIF FÁGÆTI OG FURÐUVERK HAFÐI Á LESTRARÁHUGA NEMENDA.

MARKMIÐ ÞRÓUNARVERKEFNISINS VORU AÐ:

- Efla lestraráhuga nemenda í 4. bekk, einkum drengja, sem annað hvort eiga erfitt með lestur eða eru áhugalausir um lestur þótt þeir geti lesið.
- Átta sig á hversu vel Fágæti og furðuverk hentar við íslenskar aðstæður til að ná ofangreindu markmiði.
- Virkja og styðja foreldra, einkum feður eða karlkyns fjölskyldumeðlimi, til að lesa með börnum og skapa þannig jákvæða lestrarfyrirmynd á heimilum.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR:

- Verkefnið hafði jákvæð áhrif á frjálsan lestur barna heima.
- Fjöldi sameiginlegra lestrarstunda á heimilum jókst meðan verkefnið stóð yfir.
- Fyrir tíma verkefnisins lásu flest börn fyrir mæður sínar. Samhliða verkefninu jókst lestur fyrir aðra.
- Mikill áhugi reyndist vera á þeim viðfangsefnum sem fjallað var um, bæði hjá börnum og foreldrum.
- Verkefni sem fylgdu með féllu í góðan jarðveg.
- Drengirnir, áhugalitlir lesarar eða lesarar í vanda, voru jákvæðir gagnvart verkefninu og voru fúsir til að fara heim með bakpokana.
- Drengirnir höfðu meiri áhuga á verkefnin en stúlkurnar en verkefnaskil drengjanna voru verri en stúlnanna.
- Foreldrar drengjanna sinntu verkefninu minna og skuldbinding þeirra var minni en hjá foreldrum stúlnanna.
- Fullorðnir og börn voru ánægð með viðbótar námstækifæri sem verkefnið bauð upp á.

